

Verðtilfærslusjóður SAM 2015

Samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélag SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2015 og 2014:

	2015	%	2014	%
Inngreiðslur:				
Innheimt verðtilfærsla	291.255.600	100,0	285.952.321	100,0
Samtals til ráðstöfunar	305.009.111	100,0	307.722.334	100,0
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	90.702.239	31,5	97.632.912	33,2
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	156.291.973	54,3	160.557.031	54,6
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	36.289.756	12,6	31.489.596	10,7
Annað	4.368.833	1,5	4.289.284	1,5
Samtals ráðstafað	287.652.801	100,0	293.968.823	100,0
Innheimt umfram útgreiðslur	3.602.799	1,2	8.016.502	2,8
Afgangur færður til næsta árs	17.356.310	6,0	13.753.511	4,8

Velta verðtilfærslusjóðs SAM hækkaði nokkuð frá árinu 2014 til ársins 2015 vegna meiri sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru 3,6 milljónum króna lægri en tekjur hans. Inneign sjóðsins hjá SAM í lok árs 2015 var 17,4 milljónir króna.